

2003030071  
6702; 9310

Vegagerðin  
Birgir Guðmundsson, umdæmisstjóri  
Miðhúsavegi 1  
600 Akureyri

Reykjavík, 30. apríl 2003  
/--

### **Efni: Efnistaka við Þverá í Öxarfjarðarhreppi. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 24. mars 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt efnistaka við Þverá í Öxarfjarðarhreppi í tengslum við vegframkvæmdir á Norðausturvegi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 2 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Öxarfjarðarhrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Öxarfjarðarhreppi með bréfi dags. 29. apríl 2003, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 9. apríl 2003, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 8. apríl 2003, minjaverði Norðurlands eystra með bréfi dags. 25. apríl 2003 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 3. apríl 2003.

Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 14. og 28. apríl 2003.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

#### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að um er að ræða 70.000-80.000 m<sup>3</sup> efnistöku úr námu við Þverá í Öxarfjarðarhreppi. Fram kemur að efnistökusvæðið sé samtals 49.300 m<sup>2</sup> að flatarmáli, þar af verði tekið efni á 35.000 m<sup>2</sup> svæði og 14.300 m<sup>2</sup> svæði verði að auki notað fyrir frágang. Námusvæðið sé í grónum hjalla Dalsbrekku í 21-31 m hæð yfir sjó. Fram kemur að á námusvæðinu hafi þegar verið grafnar 11 gryfjur með beltagröfu. Náman verði opnuð fram á tveimur stöðum og unnin til austurs og norðurs, frá efri hjallabrún næst Þveránni í að meðaltali 3,5-4 m efnisþykkt. Fram kemur að fyrirhugað sé að móta efnistökusvæðið þannig að það falli vel að umhverfinu að lokinni efnistöku. Efnistakan sé í

tengslum við endurbyggingu og lagningu bundins slitlags á 10,8 km kafla á Norðausturvegi í Öxarfjarðarhreppi. Auk efnistöku úr Þverárnámu verður tekið efni til framkvæmdanna úr opinni námu við brú yfir Jökulsá.

Fram kemur það álit framkvæmdaraðila að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum þar sem hún muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

### Almennt

Í umsögnum Öxarfjarðarhrepps, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum, verði því skilyrði fullnægt að áður en til framkvæmda komi hafi framkvæmdaraðili samráð við minjavörð Norðurlands eystra.

### Fornleifar

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins er gerð krafa um að framkvæmdaraðili hafi samráð við minjavörð Norðurlands eystra áður en framkvæmdir hefjast.

Í umsögn minjavarðar Norðurlands eystra kemur fram að minjavörður hafi skoðað fyrirhugað námasvæði við Þverá m.t.t. fornleifa samkvæmt tilmælum frá Fornleifavernd ríkisins. Fram kemur að vitað hafi verið um fornleifar skammt sunnan við eystri enda námasvæðisins, þ.e. hringlaga garð umhverfis gamalt tún. Auk garðsins kemur fram að minjavörður hafi við skoðun fundið fleiri fornminjar, þ.e. tóft og tvo garða. Í umsögninni leggur minjavörður til að námasvæðinu verði breytt þannig að fornminjum stafi ekki hættu af framkvæmdum. Fram kemur að ef ekki reynist unnt að breyta námasvæðinu þurfi að rannsaka fornminjarnar áður en til framkvæmda komi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé unnt að breyta mörkum námasvæðisins nema lítilsháttar og muni Vegagerðin því fara að tilmælum minjavarðar Norðurlands eystra varðandi rannsóknir og fá fornleifafræðing til að gera rannsóknir á svæðinu áður en efnistaka hefst. Allar fornleifar, þar með talda reiðgötur, á svæði sem markast af þjóðvegi að vestan, vegi að sumarbústaðasvæði að norðan, túni við austurenda fyrirhugaðrar námu að austan og Þverá að sunnan, verði mældar upp og kortlagðar. Frekari rannsóknir verði gerðar á fornleifum sem verði raskað við framkvæmdina, þ.e. gerðir sniðskurðir í tvo garða og þess gætt að ekkert rask verði nær tóft en 20 m. Tilkynnt verði til Fornleifaverndar ríkisins ef fleiri fornleifar finnast við framkvæmdir.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða töku 70.000-80.000 m<sup>3</sup> efnis úr námu við Þverá í Öxarfjarðarhreppi á svæði sem raska mun samtals 49.300 m<sup>2</sup>. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2 a í 2. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í framlögðum gögnum kemur fram að fornleifar hafi fundist við skoðun á efnistökusvæðinu,

þ.e. tóft og garðar, og muni þær raskast að hluta ef til framkvæmda kemur. Framkvæmdaraðili muni fara að tilmælum umsagnaraðila varðandi rannsóknir á fornleifum og láta mæla upp og kortleggja allar fornleifar sem muni raskast. Skipulagsstofnun telur að með þeirri áætlun um rannsóknir og mótvægisáðgerðir, sem minjavörður Norðurlands eystra hefur lagt til og framkvæmdaraðili muni starfa eftir, megi halda áhrifum framkvæmdanna á fornleifar í lágmarki.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að 70.000-80.000 m<sup>3</sup> efnistaka úr námu við Þverá í Öxarfjarðarhreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Efnistakan er háð framkvæmdaleyfi. Þar sem ekkert skipulag er í gildi á svæðinu þarf sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps að leita meðmæla Skipulagsstofnunar vegna veitingar framkvæmdaleyfis sbr. 3.tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. maí 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Óli Halldórsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Öxarfjarðarhreppur, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, minjavörður Norðurlands eystra og Umhverfisstofnun.